

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 03. mars 2015
2015020014/42-1-1
TB
jgo/tb

**Frumvarp til laga um stjórn vatnamála (gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES-reglur),
511. mál.**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 9. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu, EES-reglur), 511. mál.

Í framangreindu frumvarpi er lagt til að leggja gjald á vatnsaflsvirkjanir og jarðvarmavirkjanir, vatnsveitur og hitaveitur og fráveitur í samræmi við nytjagreiðsluregluna og mengunarbótaregluna og í samræmi við vatnatilskipun ESB. Þar segir m.a. að beiting aðildarríkjanna á efnahagslegum stjórnþækjum, einkum mengunarbótareglunnar, kunni að vera viðeigandi sem hluti af áætlun um ráðstöfun og að taka beri tillit til endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, að meðtöldum umhverfis- og auðlindatengdum kostnaði vegna tjóns eða skaðlegra áhrifa á vatn. Í greinargerð með frumvarpinu er þetta rakið nánar og á hvaða forsendum ákveðið er að fara í gjaldtöku.

Markmið gjaldtökunnar er að fjármagna kostnað Umhverfisstofnunar við framkvæmd laga nr. 36/2011, um stjórn vatnamála og sér hún einnig um innheimtu gjaldsins. Tekjur af gjaldinu munu renna í ríkissjóð, en ein af forsendum gjaldtökunnar er sú að tekjum af gjaldinu verði varið í uppbyggingu og rekstur þess kerfis sem lög nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, boða.

Í greinargerð með frumvarpinu koma fram ýmis sjónarmið er varða gjaldtökuna s.s. að hana beri að taka úr sameiginlegum sjóðum, að ekki sé víst að tekjur skili sér til þeirra mála sem þeim er ætlað og að nægar tekjur séu nú þegar fyrir hendi innan þess geira sem löggin taka til. Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins segir m.a. að það samræmist ekki vatnatilskipuninni, en þar er kveðið á um að aðildarríkin skuli taka tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfis- eða auðlindatengds kostnaðar. Þ.e. að ríkið greiði líka hluta af kostnaði ekki bara neytendur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við gjaldtökuna sem slíka né í hvað hún á að renna. Í frumvarpinu er hins vegar tvennt sem Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að gera athugasemd við. Í frumvarpinu kemur hvergi fram að tekjur af gjaldtökunni skuli renna



óskertar til málaflokksins og í öðru lagi kemur hvergi fram að aðrar stofnanir en Umhverfisstofnun hafi og muni bera kostnað af lögum um stjórn vatnamála.

Í 10 gr. laga um stjórn vatnamála segir: *Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veidimálastofnun og [Hafrannsóknastofnun]¹⁾ leggja fram gögn og sérfræðiþekkingu við framkvæmd laga þessara. Um nánari tilhögun þessa samstarfs fer eftir samningum sem Umhverfisstofnun annast við framantaldar stofnanir samkvæmt reglugerð²⁾ sem ráðherra setur.*

Umhverfisstofnun semur við Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veidimálastofnun og [Hafrannsóknastofnun]¹⁾ um einstök verk við framkvæmd laga þessara, og getur jafnframt samið við aðra um að vinna slík verk. Ráðherra setur nánari reglur um slíka samninga í reglugerð.

Náttúrufræðistofnun vill koma því á framfæri að enn hefur ekki verið samið við stofnunina um þau mál sem hana geta varðað s.s. vegna vernd vistkerfa sem eru háð vatni og vegna mats á verndargildi þeirra. Samið hefur verið við aðrar stofnanir eftir því sem Náttúrufræðistofnun er kunnugt. Af þessum sökum vill Náttúrufræðistofnun að það sé tekið sértaklega fram við afgreiðslu á framangreindu frumvarpi (í nefndaráliti eða með öðrum hætti) að tekjur vegna gjaldtökkunnar eigi einnig að renna til annarra stofnana/aðila sem bera kostnað vegna framkvæmd laga um stjórn vatnamála. Það getur sýnst að hér sé um óþarfa varkárni að ræða af hálfu Náttúrufræðistofnunar, lagatexti laga nr. 36/2011 eigi að nægja, en að fenginni reynslu telur stofnunin vissara að þetta atriði sé tekið skýrt fram við afgreiðslu frumvarpsins.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

